FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Rannsóknaraðferðir félagsvísinda
Námsgrein:	aðferðafræði
Viðfangsefni:	eigindlegar rannsóknir, megindlegar rannsóknir
Skammstöfun:	RANN3EM05
Þrep:	3
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í áfanganum kynnast nemendur rannsóknaraðferðum félagvísinda. Nemendur læra gagnaöflun og úrvinnslu í megindlegum og eigindlegum aðferðum. Lögð er áhersla á hagnýtingu rannsóknaraðferðanna með annað nám í huga.
Forkröfur:	STÆR2TL05 eða samhliða
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • megindlegum og eiginlegum aðferðum, kostum þeirra og göllum • kenningum félagsvísindanna og tengingu þeirra við rannsóknaraðferðir • siðferðilegum álitamálum í rannsóknum • gæðum rannsókna
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • beita megindlegum og eigindlegum rannsóknaraðferðum • leggja mat á siðferðileg álitamál í rannsóknum • lýsa vísindalegu rannsóknarferli og beita því á valin rannsóknarefni • varpa fram rannsóknarspurningu og setja fram tilgátur um valin rannsóknarefni • vinna úr megindlegum og eigindlegum gögnum og koma þeim til skila á skilmerkilegan máta
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • beita skipulögðum vinnubrögðum á gagnrýninn hátt við lausn verkefna • geta framkvæmt einfalda félagsfræðilega rannsókn • meta hvaða rannsóknaraðferðir skuli beita við rannsókn eftir eðli viðfangsefna • leggja gagnrýnið mat á niðurstöður rannsókna sem kynntar eru í fjölmiðlum • vinna á sjálfstæðan hátt að einfaldri rannsókn
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.